

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 109/2005**

**frá 30. september 2005**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2005 frá 8. júlí 2005 <sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/8/EB frá 27. janúar 2005 um breytingu á I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB um óæskileg efni í fóðri <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í 33. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB) í II. kafla I. viðauka við samninginn:

„- **32005 L 0008**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/8/EB frá 27. janúar 2005 (Stjtíð. ESB L 27, 29.1.2005, bls. 44).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2005/8/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. október 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. september 2005.

---

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 306, 24.11.2005, bls. 16 og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 60, 24.11.2005, bls. 10.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. ESB L 27, 29.1.2005, bls. 44.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

*Nikulás prins af Liechtenstein*

formaður.